



Borgarráð

Reykjavík, 4. september 2024
MSS24080020

Strætó - Aukið rekstrarframlag vegna hækkunar kostnaðar við aðkeyptan akstur

Lagt er til að borgarráð samþykki aukið rekstrarframlag til Strætó vegna hækkun kostnaðar við aðkeyptan rekstur, sbr. hjálagt minnisblað Strætó, dags. 8. ágúst 2024, með fyrirvara um að aðrir eigendur félagsins leggi fram viðbótarfjármagn í samræmi við eigendahlutfall sitt til jafns við Reykjavíkurborg, sbr. hjálögð umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um erindi Strætó, dags. 29. ágúst 2024.

Einar Þorsteinsson
Borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað Strætó um aukið rekstrarframlag vegna hækkun kostnaðar við aðkeyptan akstur, dags. 8. ágúst 2024.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um erindi Strætó um aukið rekstrarframlag vegna hækkunar kostnaðar við aðkeyptan akstur, dags. 29. ágúst 2024.



Reykjavík



Reykjavík 8. ágúst 2024

Minnisblað

Efni: Aukið rekstrarframlag vegna hækkun kostnaðar við aðkeyptan akstur.

Samningar við núverandi verktaka um aðkeyptan akstur renna út 15. ágúst 2024. Stjórn Strætó og aðildarsveitarfélögin sem eiga Strætó fólu Strætó að bjóða út að nýju þann hluta sem þeir samningar ná til. Útboðinu lauk þann 19. apríl 2024 og skiluðu 2 aðilar inn tilboðum. Fyrir lá miðað við kostnaðaráætlun útboðs að tilboðsverð yrði hærra en fjárhagsáætlun ársins 2024 gerði ráð fyrir. Á eigendafundi Strætó þann 3. apríl 2024, var fjallað um stöðuna í útboðinu og því beint til stjórnar Strætó að óska eftir að því við aðildarsveitarfélög að gerður yrði viðauki við fjárhagsáætlun þeirra til að fjármagna þann mismun sem fyrir sé á samþykktari fjárhagsáætlun 2024 vegna aðkeypts aksturs og endanlegri niðurstöðu skv. útboði. Kostnaður umfram áður samþykktari fjárhagsáætlun er áætlaður um 188 m.kr.. Í meðfylgjandi töflu er áætluð hlutdeild hvers aðildarsveitarfélags fyrir sig.

Aukaframlag 188.000.000

| | Hlutfall | Fjárhæð | Á mán |
|-----------------|----------|-------------|------------|
| Reykjavíkurborg | 62% | 116.092.149 | 25.798.255 |
| Kópavogur | 14% | 25.833.131 | 5.740.696 |
| Hafnarfjörður | 10% | 18.258.374 | 4.057.417 |
| Garðabær | 7% | 14.069.412 | 3.126.536 |



| | | | |
|-------------------------|------|-------------------|------------------|
| Mosfellsbær | 6% | 10.356.432 | 2.301.429 |
| Seltjarnarneskaupstaður | 2% | 3.390.501 | 753.445 |
| | 100% | <hr/> 188.000.000 | <hr/> 41.777.778 |

Með vísan til bókunar eigendafundar frá 2. apríl er lagt til að aðildarsveitarfélög Strætó leggi félaginu til aukaframlög í samræmi við ofangreinda töflu. Óskað er eftir að beiðnin verði tekin fyrir sem fyrst.

Virðingarfyllst,


Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó bs.



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarviðs

Reykjavík, 29. ágúst 2024

MSS24080020

UMSÖGN

Umsögn um erindi Strætó um aukið rekstarframlag vegna hækkunar kostnaðar við aðkeyptan akstur.

Í erindi Strætó bs., dags. 8. ágúst 2024 er þess farið á leit að eigendur samþykki að félaginu sé veitt viðbótarframlag vegna hækkunar kostnaðar við aðkeyptan akstur. Samningar við núverandi verktaka um aðkeyptan akstur renna út 15. ágúst 2024 og var Strætó falið að bjóða út að nýju þann hluta sem þeir samningar ná til. Tveir aðilar skiluðu inn tilboðum og var tilboðsverð hærra en fjárhagsáætlun ársins 2024 gerði ráð fyrir. Lokatilboðin voru þó um 1% undir kostnaðaráætlun. Á eigendafundi Strætó þann 3. apríl 2024 var því beint til stjórnar Strætó bs. að óska eftir því við aðildarsveitarfélög að gerður yrði viðauki við fjárhagsáætlun þeirra árið 2024 til að fjármagna þann mismun sem fyrirséður er og á eigendafundi 1. júlí 2024 var því beint til stjórnar Strætó bs. að leita leiða til á lágmarka viðbótarfjármagnspörf frá eigendum vegna ársins 2025 með því að skoða möguleika á m.a. hagræðingu og gjaldskrárbreytingum og leggja tillögur þar af lútandi fyrir næsta fund eigendavettvangs. Kostnaður umfram áður samþykktu fjárhagsáætlun á árinu 2024 er áætlaður um 188 m.kr. og er hlutur Reykjavíkurborgar 62% eða 116.092 m.kr. sbr. eftirfarandi töflu:

| Aukaframlag | 188.000.000 | | | |
|-------------------------|-------------|----------|-------------|------------|
| | | Hlutfall | Fjárhæð | Á mán |
| Reykjavíkurborg | | 62% | 116.092.149 | 25.798.255 |
| Kópavogur | | 14% | 25.833.131 | 5.740.696 |
| Hafnarfjörður | | 10% | 18.258.374 | 4.057.417 |
| Garðabær | | 7% | 14.069.412 | 3.126.536 |
| Mosfellsbær | | 6% | 10.356.432 | 2.301.429 |
| Seltjarnarneskaupstaður | | 2% | 3.390.501 | 753.445 |
| | | 100% | 188.000.000 | 41.777.778 |

Byrjað var að vinna eftir nýjum samningi þann 15. ágúst sl. Á ársgrundvelli er kostnaðarauki samtals um 501 m.kr. á verðlagi ársins 2024 eða sem nemur 311 m.kr. hjá Reykjavíkurborg m.v. 62% hlutdeild í kostnaði. Samningurinn er til 8 ára með framlengingarmöguleika upp á 2 ár. Samið var við tvo aðila um aksturinn, þ.e. Kynniserðir og Hagvagna, en akstursmagni er skipt í þrjá hluta og hlutu Kynniserðir 2 hluta en Hagvagnar 1 hluta. Í útboðsgögnunum var óskað eftir orkuskiptum í síðasta lagi



Reykjavík



árið 2029. Strætó mun sjá um uppbyggingu hleðsluinnviða en verktakar sjái um að útvega heimtaugar.

Ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gerðu með sér Samgöngusáttmála í september 2019 um samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sem var uppfærður þann 21. ágúst sl. Samhliða þeirri uppfærslu var gert samkomulag um að ríkið komi að rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem nemur 33% af heildarkostnaði að frádregnum heildartekjum. Í samkomulaginu kemur fram að aðilar eru sammála um að koma á fót nýju félagi/rekstrareiningu, sem verði í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga, og annist þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Taki reksturinn jafnt til hefðbundinna strætisvagnleiða og Borgarlínu. Hið nýja félag/rekstrareining skal hefja rekstur eigi síðar en 1. janúar 2025. Vegna þessa ríkir viss óvissa um framlög sveitarfélaganna til reksturs Strætó sem mun verða þróaður á næstu árum með hliðsjón af markmiðum og áherslum í uppfærðum Samgöngusáttmála og nýju samkomulagi um rekstur almenningssamgangna. Skv. samkomulaginu mun stýrihópur á vegum innviðaráðherra vinna að undirbúningi að stofnun hins nýja félags/rekstrareiningar, sem verður kynnt aðilum eigi síðar en 15. október 2024.

Fyrir liggur að rekstur Strætó hefur verið þungur síðustu árin, einkum vegna taprekstrar á tímum Covid en eigið fé félagsins er uppuríð og var staða þess neikvæð um síðustu áramót. Sama staða er uppi við við sex mánaða uppgjör 2024 þó horfi til betri vegar. Fyrir liggur að félagið hefur reglulega endurskoðað og hækkað gjaldskrár á síðustu tveimur árum en skv. upplýsingum frá félaginu telur stjórn þess ekki ráðlegt að fleyta ofangreindum kostnaðarhækkunum út í verðskrár að svo stöddu. Stöðugt sé þó leitað leiða til hagræðingar og unnið að öðrum þáttum sem tengjast gjaldtöku fyrir þjónustuna.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur ekki mat á það hvort unnt sé að fara aðrar leiðir til fjármögnunar á fyrirséðum viðbótarkostnaði en í ljósi gildandi fjárhagsáætlunar og neikvæðrar stöðu eigin fjár er lagt til að félaginu verði veitt það viðbótarfjármagn á árinu 2024 eins og óskað er eftir til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af nýjum samningi um aðkeyptan akstur. Fjármála- og áhættustýringarsvið áréttar að fyrirvari verði gerður um að aðrir eigendur félagsins leggi fram viðbótarfjármagn í samræmi við eigendahlutfall sitt til jafns við Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík